

Alþingi
Erindi nr. P 140/1274
komudagur 29.2.2012

Aðalfundur Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi (SANA) haldinn á veitingahúsinu Sölku á Húsavík 27. febrúar 2012 samþykkir eftirfarandi ályktun.

Greiðar samgöngur eru forsendur vaxtar og viðgangs hvers samfélaga. Þetta er alþekkt staðreynd. Nú er fram komin af hálfu stjórnvalda samgönguáætlun annars vegar til 4 ára og hinsvegar til 12 ára og má segja að báðar séu því marki brenndar að eiga að þjóna stjórnvöldum að því leiti að gera sem minnst en segja sem mest. Þrátt fyrir mikla áherslu á gerð Vaðlaheiðarganga eru engin verkefni í áætluninni sem tengjast atvinnulífinu á svæðinu nema þá Dettifossvegur.

Þau verkefni sem aðalfundurinn leggur áherslu á eru:

- Samhæfing almenningsgangna þannig að áætlunarferðir á landi og lofti tengist.
- Gerð Vaðlaheiðarganga nái fram að ganga.
- Ný brú og vegstytting við Skjálfandafljót og Tjörn á Þjóðvegi 85.
- Tvöföldun brúar yfir Skjálfandafljót á Þjóðvegi 1 við Fosshól.
- Ný brú á Jökulsá á Fjöllum á Þjóðvegi 1 við Grímsstaði.
- Tryggt verði fjármagn til nauðsynlegrar stækkunar Húsavíkurhafnar og vegtengingar hafnarsvæðisins og iðnaðarsvæðisins á Bakka.
- Flugleiðin Húsavík-Keflavík verði boðin út og styrkt til allt að til fimm ára.
- Nýbygging vegar um Brekknaheiði.
- Ljúka uppbyggingu þeirra 11 km sem eftir eru á Kísilvegi.

Fundurinn fagnar framkomnum áætlunum flugfélagsins Ernis um áætlunarflug frá Húsavíkurflugvelli frá og með 15. apríl nk. og heitir á samgönguyfirvöld að tryggja nauðsynlega þjónustu og uppbyggingu á vellinum til að þjóna flugleiðinni.

Allt eru þetta mikilvægir þættir í því að styðja við þá orkunýtingu og umfangsmiklu atvinnuuppbyggingu sem stjórnvöld stefna að á svæðinu í samstarfi við heimamenn.

Stjórn félagsins falið að fylgja eftir efnisáherslum ályktunarinnar gagnvart stjórnvöldum.